



Námsgögn eru lykillinn

Málstofa um íslenskt námsefni



Námsgögn...er?

- Það er alltaf hollt að hugsa fyrst um hvað orð þýða, hver er merking þeirra...
- Skoðum íslenska nútímamálsorðabók

ORÐHLUTAR: náms-gögn

efni sem notað er við kennslu s.s. bækur, myndefni, hlustunarefni

Skyldar færslur: [fræðsluefni](#) [no](#) [hk](#) [kennsluefni](#) [no](#) [hk](#) [kennslugögn](#) [no](#) [hk](#) [ft](#) [námsefni](#) [no](#) [hk](#)



Og hvað þýðir...lykill að?

- Orðasamband sem við notum ansi oft.
 - Lykill að árangri
 - Lykill að góðu sambandi
 - Lykill að sigri
 - Lykill að velgengni

Hvernig geta námsgögn verið lykill, og þá að hverju?

Lykill að námi



- Námsgögn eru lyklar í formi leiðarvísir
 - Leiðarvísir samfélags um hvort áfangi er góður áhersla
 - Leiðarvísir kennarans segja þessu að hlutverk að eigna
 - Leiðarvísir nemendanna segja að ætlaðri hæfni sinni og nýjum
 - Leiðarvísir frá börnunum um nám barna sinna.



Leiðarvísir er þó annað en lögbók – munum það!



Smá söguskoðun

- Lengi vel hægt að horfa til námsbókarinnar sem hins „heilaga grals“.



Hefðbundin söguskýring er sú að bókin var kennd frá blaðsíðu eitt og til enda, í réttri röð og allir skyldu nálgast eins.

„Verkfæri“ sem almennur skilningur ríkti um – prófað úr því námsefni sem bókin geymdi, oft eftir kennsluleiðbeiningum

Einfalt...og gott???





Áherslubreytingar – síðustu aldamót

- Um aldamótin síðustu má horfa til ákveðinna áherslubreytinga
 - Sterk vísun í fjölbreyttar „greindir“ einstaklinga og mikilvægi þess að þær verði jafnsettari en áður
 - Hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar (skóli fyrir alla) kemur sterkt inn í grunnskólann.
 - Hugtök eins og „litróf kennsluaðferða (IS)“ og „lærdómssamfélag“ verða ríkjandi í umræðu um skólamál og skólaþróun.
 - „Ný tækni“ verður sífellt fyrirferðarmeiri og dregur úr vægi námsbókarinnar.
- Ekki lengur kjarninn að „ein kennslubók einnar aðferðar“ ráði för.

Áherslubreytingar – síðustu aldamót

- Grunnskólinn færður yfir til sveitarfélaga en framhaldsskólinn áfram hjá ríki.
- Leikskólinn tilgreindur sem fyrsta skólastigið.
- Í Aðalnámskrá grunnskóla 1999 er kveðið á um ólík námsgögn annað en prentað efni um leið og vísað er til þess að námsgögn séu til þess að ná markmiðum aðalnámskrár. Hún sé því „leiðarljós námsgagnahöfunda og viðmiðun við val á námsgögnum“.
- Innleiðing þeirrar aðalnámskrár stutt á veg komin þegar vinna við ný lög og námskrár skólastiganna þriggja hefst.



Lög um skólastigin frá 2008

- Tiltekið að allir nemendur skulu eiga rétt á kennslu við sitt hæfi.
- Nemendur eiga að „finna til öryggis og njóta hæfileika sinna“.
- Þáttur skólanámskráa nú frekar skilgreindur og þar á að koma fram „útfærsla á aðalnámskrá um markmið, inntak náms og námsmat“.
- Nemendur „skulu eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti (grsk)“
- „Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett...“



Svo komu námskrár

- Lagagerðinni frá 2008 fylgdu nýjar aðalnámskrár allra skólastiga.
- Samræmd próf aflögð sem lokamat úr grunnskóla sama ár – lokaskrefið í að útrýma „einni lykilbók“
- Námskrárnar koma fyrst út 2011 og á næstu árum bætist í sarpinn kennslugreinánámskrár í grunnskólanum.
- Nám horfir til lykilhæfni og hæfniviðmiða ólíkra námgreina út frá grunnhugmyndinni um skóla fyrir alla.
- Námsmati grunnskólans breytt yfir í bókstafakerfi út frá stöðu hvers nemenda í hæfniviðmiðum.
- Innleiðing námskránna fer ekki af stað heildrænt á landsvísu við útgáfu þeirra.



„Stytt“ stúdentspróf

- Árið 2015 tekin ákvörðun að hin almenna leið til stúdentspróf skuli horfa til útskriftar á þremur árum.
- Umræða verður um flutning námsefnis „fyrsta þreps framhaldsskólans niður í grunnskólann“.
- Þýðir samþjöppun námsefnis sem var í framhaldsskólanum, nemendur almennt að leggja 11% meiri vinnu á sig á önn til að ná stúdentsprófi eftir breytingar.
- Á sama tíma hefur orðið „sprenging“ í fjölda námsbrauta í framhaldsskólanum, byggt á ákvæði aðalnámskrár um námsbrautir sem hver skóli getur mótað.
- Fjarnám verður stærri þáttur í námi á framhaldsskólastigi.





Og hvað kemur þetta námsgögnum við

- Ef námsgögn eru lykillinn...
 - ...Hversu mörgum hurðum hefur eiginlega verið bætt við á þessum tíma?
- Á sama tíma og allt það umrót sem farið hefur verið yfir er í gangi er raunvirði þess fjármagns sem lagt er til námsefnisgerðar stöðugt að lækka.
- Námsgagnasjóður sem styðja átti við þróun námsgagna býr við sömu kjör.
- Námskrár sem bjóða upp á (leggja til) frumkvæði hvers skóla að fjölbreytilegri kennslu leiða af sér ólíka útfærslu á námi, bæði er varðar áherslur milli og innan kennslugreina.



Sérstaðan okkar

- Við Íslendingar erum einstakir...en býsna fáir!
- Ferðalög erlendis auka sannarlega á víðsýni...
- ...en sýna líka fram á áskoranir lítils skólakerfis.
- Tækninýjungar miða á sama hátt að stærri markaðssvæðum en okkar.
- Verkefnið að búa til námsgögn kallar því enn frekar á að „kerfið“ hjálpi til við að framleiða námsgögn sem verða lyklarnir að farsælla námi.





Hugleiðing um stöðuna núna

- Á undanförnum árum hefur komið fram nýtt námsefni – en við erum öll sammála um að mikið vantar enn uppá.
- Umræða hefur reglulega kviknað um mikilvægi innspýtingar í námsefnisgerð en aðgerðir hafa ekki fylgt þeirri umræðu.
- Flórinn sem þarf að moka er stór og því verðum við að treysta því að skóflan verði nú tekin til kostanna.
- Þegar viljinn er raungerður þarf að horfa til þess hvaða lykla við þurfum til að ná fram þeim markmiðum sem ætlast er til.
- Þar eru námsgreinar á ólíkum stað, sem og verkefni...og skólastig.



Námsgögn sem lyklar

- Einfaldasta útgáfan sem við ræddum var námsbókin. Í dag dugar sá lykill skammt.
- Verkefni allra skólastiga kalla á fjölbreytt námsefni, í raun hefur enn ekki verið horft markvisst til námsefnis frá því gildandi aðalnámskrár komu út.
- Skólanámskrár hafa leitt af sér sérstöðu hvers skóla, hluti samtalsins um námsgögn þarf að verða samtal um sameiginlegar áherslur út frá aðalnámskrá hvers skólastigs.
- Horfa þarf til forgangsriðunar fjármagns.
- Samtal um skil skólastiga verður að koma inn í útfærslu námsgagna



Næstu skref.

- Samtal og samráð!
- Í trausti þess að staðið verði við orð um aukið fjármagn til námsefnisgerðar og um skiptingu þess milli opinberra aðila og einkamarkaðar þarf að verða alvöru samvinna um framhaldið.
- Markvisst samtal þar sem þörfin er metin í samráði fulltrúa skólastiganna og námsefnishöfunda er leiðin að markinu.
- Leiðin er löng þar sem að aðgerðir hafa ekki fylgt orðræðu og ábyrgð námsefnisgerðar verið í of miklum mæli færð á einstaka kennara og skóla. Er hægt að virkja þann kraft sem þar hefur myndast?



- Verkefnið er stórt...en spennandi.
- Á langri leið eru margar beygjur, brekkur og jafnvel pollar og skurðir
- Stærsta skrefið er oft að leggja af stað, eða taka upp verkfærið...

Það er í þessu eins og öðru, saman náum við betri árangri.

